

Fundargerð 342. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 19. maí 2026
Fundartími: 17:00-17:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Halla Kjartansdóttir, varamaður

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 325, dags. 13.05.2026

a) Hólshús L165488; Betukot; Stofnun lóðar – 2403066

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 20.11.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar lóðar. Óskað er eftir að stofna lóðina Betukot (2,27 ha.) úr landi Hólshúsa L165488 í Flóahrepp.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu vegna stofnunar lóðarinnar Betukot úr landi Hólshúsa L165488.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Volatún L215340 (upprunaland Lambastaðir land 3 L199639); Stækkun lands – 2604067

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 14.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024. Óskað er eftir að stækka landið Volatún L215340. Stækkun landsins er tekin úr landi Lambastaða land 3, L199639.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu vegna stækkunar lands Volatún L215340 úr landi Lambastaða land 3 L199639.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Jaðarkot L166353; Jaðarkot 2; Stofnun lóðar – 2605010

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 27.02.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóðina Jaðarkot 2 (24,6 ha) úr landi Jaðarkots, L166353.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu vegna stofnunar lóðarinnar Jaðarkot 2 úr landi Jaðarkots L166353.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram þann 16. maí 2026. Niðurstöður í Flóahreppi voru eftirfarandi:

Kjörstaður lokaði kl. 20.00 og þá höfðu kosið 453 eða 79,75%. Utan kjörfundaratkvæði voru 26. Í heildina kusu því 479 manns, 241 kona og 238 karlar. Kjörsókn var í heildina 84.3%

Eftirfarandi aðilar hlutu kjör í Flóahreppi:

Aðalmenn:

1. Árni Eiríksson Framfaralistinn (I) 357
2. Hulda Kristjánsdóttir Framfaralistinn (I) 178,5
3. Walter Fannar Kristjánsson Framfaralistinn (I) 119
4. Almar Sigurðsson T-listinn (T) 108
5. Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir Framfaralistinn (I) 89,25

Varamenn:

1. Hjalti Guðmundsson Framfaralistinn (I) 71,4
2. Sveinn Orri Einarsson Framfaralistinn (I) 59,5
3. Ágúst Hjálmarsson T-listinn (T) 54
4. Sigrún Hrefna Arnardóttir Framfaralistinn (I) 51
5. Sigurjón Reynisson Framfaralistinn (I) 44,63

Yfirstrikanir á atkvæðaseðlum voru eftirfarandi (yfirstrikanir höfðu engin áhrif á sætaröðun):

T-listinn (T):

Almar Sigurðsson 7 (6,48%)
Halla Kjartansdóttir 1 (0,93%)
Jónas Már Hreggviðsson 1 (0,93%)

Framfaralistinn (I):

Árni Eiríksson 30 (8,4%)
Hulda Kristjánsdóttir 10 (2,8%)
Walter Fannar Kristjánsson 5 (1,4%)
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir 2 (0,56%)
Hjalti Guðmundsson 5 (1,4%)

Ný sveitarstjórn tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag og jafn lengi heldur núverandi sveitarstjórn umboði sínu.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar yfirkjörstjórn Flóahrepps fyrir sína vinnu í kringum kosningar en samhliða kosningum til sveitarstjórnar fór fram íbúakönnun um hug íbúa til sameininga. Kjörkassi með svörum íbúa úr íbúakönnun verður innsiglaður þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um úrvinnslu hennar.

Fulltrúar frá Þjóðskrá voru einnig á kjörstað frá opnun til lokunar þar sem verið var að prufukeyra rafræna kjörskrá í fyrsta sinn á Íslandi. Flóahreppur var eina sveitarfélagið á landinu sem tók þátt í þeirri prufukeyrslu og gekk hún vel.

3. Frá stjórn Orkugerðarinnar

Fyrir liggur bréf frá stjórnarformanni Orkugerðarinnar í Heiðargerði fyrir hönd stjórnar. Í bréfinu, sem birt var á heimasíðu sveitarfélagsins 15.05.2026, fer formaður stjórnar yfir helstu breytingar og atriði sem hafa áhrif á það að lykt berist frá starfsemi. Formaður stjórnar lýsir því jafnframt yfir að stjórn félagsins vilji leysa lyktarmengun frá starfsemi í eitt skipti fyrir öll svo að ekki verði truflandi áhrif á nágrennið frá starfsemi Orkugerðarinnar. Þær leiðir sem stjórn félagsins hefur valið eru raktar í bréfinu sem og aðrar breytingar sem bundnar eru vonir við að dragi úr

lyktarmengun fljótlega. Að lokum tekur formaður stjórnar fram að stjórn Orkugerðarinnar muni upplýsa nágretta á þriggja mánaða fresti um framvindu þeirra úrbóta sem lýst er í bréfinu. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir veittar upplýsingar enda mikilvægt að allir þeir sem verða fyrir áhrifum af lyktarmengun frá starfseminni séu upplýstir um gang mála þar sem lyktarmengun frá starfseminni hefur verið viðvarandi í lengri tíma þrátt fyrir athugasemdir frá UOS og frá þeim sem búa og starfa í nágrenni við Orkugerðina. Það er brýnt að mati sveitarstjórnar að staðið verði við þá tímaáætlun sem fram kemur í bréfinu þ.e. að farið verði í allar mögulegar aðgerðir til að draga úr lykt til skamms tíma og koma í veg fyrir lyktarmengun til frambúðar. Þeim framkvæmdum sé að fullu lokið haustið 2027. Sveitarstjórn mun fylgja ofangreindu eftir þannig að tryggt sé að upplýsingar berist reglulega frá stjórn Orkugerðarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því að stjórn Orkugerðarinnar sjái til þess að uppfærð og ítarleg úrbótaáætlun sem miði við upplýsingar úr efni ofangreinds bréfs verði send á UOS til samþykktar og birtingar á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig fer sveitarstjórn fram á að fyrri úrbótaáætlun frá 23.10.2025, sem UOS vísar til í svari sínu frá 09.02.2026, verði einnig birt á heimasíðu stofnunarinnar líkt og á við um fyrri úrbótaáætlanir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 341, dags. 12.05.2026
- b) Stjórnar UTU nr. 135, dags. 13.05.2026 ásamt ársreikningi 2025
- c) Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 6, dags. 08.04.2026
- d) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 218, dags. 05.05.2026 og nr. 219, dags. 08.05.2026

5. Efni til kynningar

- a) Afgreiðsla Fiskistofu vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda við veiðivötn
- b) Ungt fólk og lýðheilsa 2026

Árni Eiríksson þakkaði sveitarstjórn, nefndum og öllu samstarfsfólki fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu. Gert er ráð fyrir að um sé að ræða síðasta fund sveitarstjórnar á kjörtímabilinu 2022-2026 og að sá aðili sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boði til fyrsta fundar nýrrar sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2026-2030.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Halla Kjartansdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

*Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hulda Kristjánsdóttir
Halla Kjartansdóttir
Walter Fannar Kristjánsson*